



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Breyting á reglugerð - nr. 2

Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

Um bikarmót

- Halda skal eftirfarandi bikarmót
 - 12-13 ára - Tvö bikarmót auk UMÍ.
 - 14-15 ára - Þrjú bikarmót auk UMÍ.
 - 16 ára og eldri - Fjögur bikarmót auk SMÍ.
- Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag eða byggðarlag keppandi keppir fyrir.
- Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur mótanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
- Mæti aðeins eitt lið til leiks á keppnisdegi auk heimahéraðs í viðkomandi grein skal fresta henni/þeim til næsta dags og halda hana/þær þá, enda þótt fleiri héruð mæti ekki til leiks. Mótsstjórn er þó heimilt að nota þriðja daginn til að ljúka mótinu, ef ekki næst að halda það allt á öðrum degi.
- Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
- Framkvæmdaaðilar millihéraðamóta láti stjórn SKÍ svo og öllum þátttökuhéruðum, félögum og samböndum mótsins í té eitt fullunnið eintak af mótaskýrslum sínum í lausblaðaformi.
- Verðlaun á bikarmótum:
 - 12 ára - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
 - 13 ára - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
 - 14 ára - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
 - 15 ára - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
 - 16-17 ára - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
 - Fullorðinsflokkur (allir 16 ára og eldri) - Þrjú verðlaun af hvoru kyni

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

- Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af SKÍ skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
- Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða eftirlitsmönnum niður á Skíðamót Íslands, Unglingameistaramót Íslands, bikarmót og þau mót í héraði er sótt er um í alpagreinum. Eftirlitsmenn skulu hafa lokið eftirlitsmannanámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.
- Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um skíðamót.

Útreikningur á bikarstigum

- Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í svigi og stórsvigi í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
- Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

- Ef einstaklingar á meðal 6 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
- Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjú efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
- Keppt er í eftirfarandi flokkum til bikarmeistara:
 - 12-13 ára
 - 14-15 ára

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

- 16-17 ára
- 18-20 ára
- Fullorðinsflokkur (allir 16 ára og eldri)

6. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Verður:

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í alpagreinum í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirtöldum flokkum:

	2018/2019	2019/2020	2020/2021
Fullorðinsflokkur (FIS)	Allir 2002 og eldri	Allir 2003 og eldri	Allir 2004 og eldri
18-20 ára (FIS)	1998 og 2000	1999 og 2001	2000 og 2002
16-17 ára (FIS)	2001 og 2002	2002 og 2003	2003 og 2004
14-15 ára	2003 og 2004	2004 og 2005	2005 og 2006
12-13 ára	2005 og 2006	2006 og 2007	2007 og 2008

Fjöldi móta skal vera eftirfarandi:

16 ára og eldri (FIS)	Fjögur bikarmót auk SMÍ
14-15 ára	Tvö bikarmót auk UMÍ
12-13 ára	Tvö bikarmót auk UMÍ

2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslistum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alpagreinanevnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alpagreinanevndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanevnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur alpagreinanevnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

- Innheimt eru keppnisgjöld skv. Gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
- Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.
- Verðlaun á bikarmótum:

Fullorðinsflokkur (FIS)*	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
16-17 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
14-15 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
12-13 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

*ekki skal veita sérstöku verðlaun fyrir FIS mót. Einungis eitt sett af verðlaunum fyrir allan fullorðinsflokkinn.

Verðlaun í lok hvers tímabils fyrir bikarmeistara:

Fullorðinsflokkur (FIS)	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
18-20 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
16-17 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
14-15 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
12-13 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

- Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af annað hvort SKÍ eða FIS skv. Reglugerð um eftirlitsmenn.
- Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS.

Útreikningur á bikarstigum

- Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í alpagreinum í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr Bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita nema þriðja grein á UMÍ og SMÍ.
- Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þeir efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings, þ.e.a.s. þegar farnar hafa verið tvær ferðir.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags/ráðs fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til þess félags/ráðs sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag/ráð kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag/ráð safnar stigum undir skráðu nafni.

Útskýringar og rökstuðningur:

Um nokkrar breytingar er að ræða. Nokkrir litlar eins og bætt uppsetning á flokkum, fjölda móta, verðlaun o.s.frv. Ýmsar orðalagsbreytingar, t.d. tekið mótanefnd út og sett alpagreinanefnd í staðin þar sem mótanefnd er ekki til lengur. Eins tekið út allt um keppnisleyfi SKÍ sem er auðvitað búið að fella niður. Einnig er samræmdur texti um umsóknir, eftirlitsmenn/dómara, frestanir o.s.frv. á milli allra reglugerð um bikarkeppni í alpagreinum, skíðagöngu og snjóþrettum.

Lagt til að 14-15 ára keppi á tveim bikarmótum auk UMÍ, eins og 12-13 ára. Hugmyndin með þeirri tillögu er að einfalda mótaskrána og samhæfa ferðalög fyrir 12-15 ára. Undanfarið hefur borið á kvörtunum frá aðildarfélögum um að fáar helgar séu eftir fyrir innanfélagsmót og á sama tíma er lítið rúm fyrir frestanir. Við teljum þetta farsælustu leiðina til að leysa þessi mál.

Tillaga um að breyta verðlaunum á bikarmótum til fyrra horfs, s.s. að veita einungis þrjú verðlaun fyrir 12-13 ára flokkinn og 14-15 ára flokkinn. Núna eru veitt verðlaun fyrir hvorn aldur, s.s. þrjú fyrir 12 ára og þrjú fyrir 13 ára o.s.frv. Það er verið að keppa í flokkum 12-13 ára og 14-15 ára en ekki í aldrinum. Komið hafa athugasemdir um hversu mörg verðlaun eru veitt og hversu mikill kostnaður þeim fylgir. Að sama skapi teljum við að það gefi ekki rétta mynd að veita verðlaun fyrir aldur þegar keppt er í flokkunum. Eðlilegt væri að keppa sér í 12 ára, 13 ára o.s.frv. ef það á að veita verðlaun fyrir aldurinn. Það er hins vegar leið sem okkur hugnast ekki þar sem hún er of tímafrek í framkvæmd.

Einnig er lagt til að hætta að veita tvö verðlaun í fullorðinsflokki á FIS mótum. Í dag eru veitt verðlaun fyrir FIS mótið og fullorðinsflokk á bikarmótinu. Í 99% tilfella fá sömu aðilarnir tvo peninga fyrir sama mótið. Tillagan er því þannig að einungis er veitt eitt sett af bikarmótspeningum fyrir efstu þrjú sætin. Ef erlendir keppendur eru meðal þátttakenda og lenda í einu af þremur efstu sætunum þá fá þeir bikarmótspening en ekki íslenskir keppendur. Hins vegar fá einungis íslenskir keppendur bikarstig miðað við þeirra röðun.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld